

Minnisblað

Til: Hafnarstjórnar
Frá: Hálfadáni Bjarka Hálf dánssyni
Dags. 4. janúar 2019
Mnr. 2019010016



ÍSAFJARÐARBÆR

Skýrsla Peter Wild

Könnunin var gerð júní – ágúst 2018 meðal farþega á skipum Costa og Cunard. Úrtakið var 445 farþegar og 384 áhafnar meðlimir

Könnun meðal farþega, helstu niðurstöður

Ánægja

Farþegar voru ánægðir með alla anga heimsóknar sinnar, en misjafnlega þó. Á skalanum 0 – 5 var einkunn einstakra þátta eftirfarandi

- Viðmót íbúa (4,3)
- Kurteisi starfsfólks (4,2)
- Móttaka á hafnarkanti (4,0)
- Samgöngur á landi (3,9)
- Heildaránægja (3,9)
- Heimsókn stóðst væntingar (3,9)
- Merkir staðir / söfn (3,5)
- Hvað er við að vera (3,5)
- Verslun - heild (3,4)
- Úrval verslana (2,9)
- Verðlag (2,6)

Eyðsla

Meðaleyðsla farþega í hverri heimsókn til Ísafjarðar var 119,68 evrur (16.061 ISK á gengi 4. janúar). Stærstu eyðsluþættir voru:

- Ferðir (e. shore excursions) (74,69 evrur eða 62%)
- Handverk og minjagripir (13,28 evrur eða 11%)
- Föt (10,89 evrur eða 9%)
- Matur og drykkur (10,78 evrur eða 9%)

Ef eyðsla í landi (fyrir utan skipulagðar ferðir) er greind nánar má sjá að um 48% allra farþega keypti á annað borð eitthvað í landi og var kauphegðun þeirra eftirfarandi (að meðaltali að sjálfsögðu):

Flokkur	Hlutfall*	Meðalkaupverð	Eyðsla m.v. alla farþega um borð**
Handverk og minjagr.	53,6%	51,82 evrur	13,28 evrur
Matur og drykkur	41,3%	54,61 evrur	10,78 evrur
Föt	14,5%	157,15 evrur	10,89 evrur
Leigub. og samgöng.	2,2%	115,67 evrur	1,20 evrur
Söfn	1,4%	13 evrur	0,09 evrur
Úr og skart	0,7%	34 evrur	0,12 evrur
Annað	31,2%	57,93 evrur	8,63 evrur

*Athugið að í dálknum „hlutfall“ er miðað við hlutfall þeirra sem á annað borð keyptu eitthvað, sumsé brot af þessum 48%.

** Hér er vegið meðaltal m.v. alla farþega um borð.

72% farþega fóru í skipulagða ferð. Af þeim sem það gerðu, keyptu 78% ferðina um borð í skipinu. Meðalkostnaður ferðar var 104 evrur (13.950 ISK). Farþegar voru mjög ánægðir með þær ferðir sem þeir keyptu og sögðust 72% þeirra vera mjög eða alveg sérstaklega ánægðir. Hæstu einkunn fengu leiðsögumenn ferðanna, en maturinn skoraði einnig hátt.

Um farþega

Meðalaldur farþega var 56 ár og meðalárstekjur þeirra nam 52,200 evrum (um 7 m.kr.). Þjóðerni skiptust þannig:

- Þýskaland (21%)
- Bretland (13%)
- Spánn (13%)
- Ítalía (10%)
- Sviss (8%)
- Ástralía/Nýja Sjáland (7%)
- Annað (28%)

Nærri því allir farþegar, eða 98%, voru að koma til Ísafjarðar í fyrsta skipti. 74% þeirra sögðust líklegir til að mæla með staðnum við vini og kunningja og 23% sögðu líklegt að þeir myndu heimsækja staðinn með öðrum hætti en með skemmtiferðaskipi.

Farþegar eyddu að meðaltali 4,3 klukkustundum í landi og 14% sögðust einungis hafa kannað Ísafjörð á eigin vegum.

Könnun meðal áhafnarmeðlima, helstu niðurstöður

39% áhafnarmeðlima sögðust hafa farið í land á Ísafirði í síðustu heimsókn og af hinum sögðust 9% hafa farið í land a.m.k. einu sinni síðasta mánuð. Að meðaltali varði fólkið 3,1 klst í landi.

Eyðsla

Að meðaltali eyddu áhafnarmeðlimir 58,18 evrum í landi. Þarna er þó líklega átt við meðaleyðslu þeirra sem á annað fóru í land. Kauphegðun var með eftirfarandi hætti:

Flokkur	Hlutfall	Meðalkaupverð	Eyðsla m.v. alla
Matur og drykkur	68,4%	34,23 evrur	23,42 evrur
Handverk og minjagr.	36,8%	19,93 evrur	7,34 evrur
Leigub. og samgöngur	18,4%	41,86 evrur	7,71 evrur
Skemmtun	7,9%	56,3 evrur	4,44 evrur
Föt	5,3%	34 evrur	1,79 evrur
Söfn	2,6%	20 evrur	0,53 evrur
Annað	21,1%	61,5 evrur	12,95 evrur

Efnahagsleg áhrif

Áætluð heildareyðsla í landi (allar tölur í evrum):

Flokkur	Farþegar	Áhafnarmeðlimir	Heildareyðsla
Matur, drykkur og skemmtun	753.738	384.486	1.138.206
Ferðir og samgöngur	5.312.522	113.712	5.426.234
Smásöluvara	1.698.357	125.994	1.824.351
Annað	603.410	178.710	782.120
Samtals	8.368.026	802.884	9.170.910